



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2024

MSS23080127

Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa sjálfstæðisflokksins um borgargarða.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. sept. 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa sem lögð var fram í borgarráði 31. ágúst 2023.

Hver er skilgreining Borgargarða, hvaða sérreglur gilda um Borgargarða hjá Reykjavíkurborg? Hvaða sérreglur eiga við um Borgargarða út frá skipulagslegum sjónarmiðum? Hverjir eru Borgargarðarnir og hver er lega þeirra? Hvenær voru þeir samþykktir og var það gert fyrir hvern garð fyrir sig eða voru þeir allir samþykktir á sama tíma? Hefur mörkum eða legu Borgargarðanna einhvern tímann verið breytt og ef svo er, þá á hvaða forsendum?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Umsögn:

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 í kaflanum um Grænu borgina er fjallað um borgargarða sem er ein af 10 tegundum opinna svæða til sérstakra nota. Kaflinn um Grænu borgina var samþykktur með AR2010-2030 en heldur gildi sínu í meginatriðum.

Notkun og einkenni borgargarða er m.a. svæði til rúmfrekrar útivistar og náttúrusvæði en einnig hvíld, leikur, ganga og hjólreiðar. Borgargarðar eru útivistarsvæði sem eru að lágmarki 10 ha.

„Elliðaárdalur, Fossvogsdalur, Öskjuhlíð, Klambratún, Vatnsmýri, Laugardalur, Gufunes, Grafarvogur að Hólmsheiði og Úlfarsárdalur frá Blikastaðakró að Hafravatni er stóru borgargarðarnir sem setja hvað mestan svip á borgarlandið. Borgargarðar eru kjarninn í vef útivistarsvæða og göngu- og hjólreiðastíga sem tengja saman útmörkina við strandsvæði borgarinnar.“

Um borgargarða segir einnig:

„Gert er ráð fyrir því að styrkja sérstöðu og sérkenni svæðanna þannig að hvert svæði bjóði upp á ólíka möguleika til útivistar og afþreyingar.“

Engar sérreglur gilda um borgargarða en nefna má að hluti svæðanna nýtur hverfisverndar og eru á náttúruminjasrá.



Reykjavík



Afmörkun borgargarðanna er sýnd í aðalskipulagi en hefur í einhverjum tilfellum verið skilgreind nánar í deiliskipulagi.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þórólfur Jónsson
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík